Kmh. 22. Novbr. 61.

Ástkæri vin!

Eg þakka þér ást samlega þitt síðasta bréf, og ykkr bádum hjónum, konu þinni fyrir við bæti sinn. Eg hefi lengi látið þig bída svars í þetta sinn; skipið er komið og farið aptr, fór hédan fyrir 3 vikum, en komst til Skotlands, og fór þadan, en hraktist þangað aptr, það verðr þvi komið undir jól þegar það kemr hingað aptr. Kreddur Jóns og bréf sendi eg þér nú; þvi mið hefir hann ekki sent formála eðr bréf til Grimms; eg sendi honum ekki formála slitr sitt hið gamla, en held þvi til vonar og vara, ef skipinu ferst ekki vel, og enginn formáli endrskapaðr kemr frá honum; annars stæði eg slyppr, þvi í formála tis eru sum data sem nota mætti; eg hafði hlakkað til að þú gætir sent Grimm í jólagjöf 1. bindi, það hefði átt svo